

Efnahagsyfirlit VR er gefið út í tengslum við mánaðarlega stjórnarfundir félagsins. Yfirlitið er samantekt á hagtölum og öðru efni sem tengist vinnumarkaðs- og kjaramálum og er tilgangurinn að upplýsa og fræða félagsmenn um stöðu þjóðhagsmála hverju sinni.

Efni yfirlitsins að þessu sinni er:

1. Hvenær er hægt að lækka vexti á Íslandi?
2. Kaupmáttur ráðstöfunartekna
3. Neysluviðmið


HAGTÖLUR VR	
Meðalheildarlaun VR	603.400 kr.
Launavísitala VR, breyting seinustu 12 mánuði	5,9%
Kaupmáttarvísitala VR, breyting seinustu 12 mánuði	3,7%
Atvinnuleysi félagsmanna VR	1,9%
Fjöldi félagsmanna VR	33.947

1. Hvenær er hægt að lækka vexti á Íslandi?

Vextir á Íslandi er töluvert hærri en vextir þeirra landa sem við berum okkur saman við. Þetta er ekki nýtilkomið. Í gegnum árin hafa vextir á Íslandi nær alltaf verið í hærri kantinum í samanburði við önnur lönd. Þetta sýnir mynd 1. Myndin sýnir skammtímavexti (sjá hugtakasafn aftast) á Íslandi í samanburði við OECD ríkin. Frá janúar 2000 hafa vextir á Íslandi verið hærri en miðgildi vaxta OECD ríkjanna. Gráa svæðið sýnir muninn á hæstu og lægstu vöxtum. Árin fyrir hrun voru efri mörkin mynduð af háum vöxtum á Íslandi. Vextir á Íslandi voru meira að segja þeir hæstu meðal OECD ríkja bróðurpartinn af árinu 2010 þegar íslenska hagkerfið var enn í djúpri kreppu. Þetta má sjá þegar dökka línan fyrir Ísland er við efri mörkin á gráa svæðinu.


Það stenst því ekki skoðun þegar því er haldið fram að vextir á Íslandi í dag séu hærri en í öðrum löndum vegna þess að hér sé gott efnahagslegt ástand. Vextir voru líka mun hærri en í öðrum löndum þegar illa áraði á Íslandi. Það er því ekki nema von að fólk spyrji; „Hvenær er hægt að lækka vexti á Íslandi?“

Mynd 1 – Miðgildi skammtímavaxta meðal OECD ríkja, sambærilegir vextir á Íslandi og munur á hæstu og lægstu



Ef gott efnahagsástand er skýringin á háum vöxtum ættu stýrivextir að vera lágir þegar illa árar. Í því samhengi er gott að skoða t.d. árið 2011 á Íslandi og bera það saman við efnahagsástandið í löndunum í kringum okkur í dag. Nú eru vextir lágir í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Evrulöndunum. Það er því fróðlegt að bera saman efnahagsástandið þar við efnahagsástandið á Íslandi árið 2011, þegar illa áraði hér á landi. Mynd 2 sýnir þennan samanburð. Myndin sýnir að hagvöxtur á Íslandi árið 2011 var í takt við hagvöxt hinna landanna árið 2016. Þá sýnir myndin einnig að meðal atvinnuleysi fyrstu átta mánuði ársins 2017 í flestum samanburðarlöndunum er í takt við meðal atvinnuleysi á Íslandi fyrstu átta mánuði ársins 2011. Verðbólga fyrstu átta mánuði ársins var þó hærrí á Íslandi árið 2011 samanborið við verðbólgu árið 2017 í samanburðarlöndunum. Skammtíavextir í Noregi, Svíþjóð, Danmörku og í Evrulöndunum eru þó umtalsvert lægri en vextir voru á Íslandi árið 2011. Ef vextir eiga að fylgja efnahagsástandinu er ekki hægt að segja annað en að þeir hafi verið allt of háir á Íslandi árið 2011.

Mynd 2 – Samanburður á stöðu efnahagslífsins á Íslandi 2011 við stöðu efnahagslíf annarra landa árið 2016/2017




Þegar efnahagsástandið fór að batna og Seðlabankinn taldi nauðsynlegt að hækka vexti að nýju, þurfti hann að hækka vextina úr 4%, sem eru ansi háir vextir. Seðlabankinn missti af tækifæri til vaxtalækkunar árin eftir hrun. Á þessum tíma voru fyrirtæki og heimili að greiða niður skuldir og því ekki hættu á ofhitnun í hagkerfinu ef vextir hefðu verið lækkaðir. Ef Seðlabanki Íslands hefði nýtt sér stöðu efnahagslífsins árið 2011 og lækkað stýrivexti í nánd við 1% þá væri staðan í dag önnur.

2. Kaupmáttur ráðstöfunartekna

Kaupmáttur ráðstöfunartekna (sjá hugtakasafn aftast) jókst um 6,3% milli árana 2015 og 2016. Fara þarf aftur til ársins 2007 til að finna meiri hækkun.

Kaupmáttur jókst mest meðal einstæðra foreldra en er þó enn umtalsvert lægri hjá einstæðum foreldrum en t.d. hjá sambúðarfólki. Hér er þó mikilvægt að taka fram að inni í tölum um kaupmátt ráðstöfunartekna eru ekki upplýsingar um leigu. Þannig má vera að leiga hafi hækkað mjög hjá einstæðum foreldrum, sem gjörbreytir myndinni.

Mynd 3 – Kaupmáttaraukning eftir fjölskyldugerð milli 2015 og 2016




Einnig má skoða hvernig kaupmáttur hefur aukist eftir aldri. Mynd 4 sýnir aukningu í kaupmætti ráðstöfunartekna eftir aldurshópum. Aukningin er mest meðal 67 ára og eldri en minnst meðal aldurshópsins 30-34 ára.


Að lokum er hér sýnd aukning í kaupmætti ráðstöfunartekna eftir tekjuhópi. Lægsti tekjuhópurinn, T1, er ekki tekinn með sökum þess að ólíklegt er að heimili séu lengi í þeim hópi. Þarna eru helst námsmenn og aðrir sem eru ekki í fullu starfi. Mynd 5 sýnir hins vegar að nokkur kaupmáttaraukning var hjá næst neðsta tekjuhópnum, þ.e. tekjuhópi 2 (T2). Þá var kaupmáttaraukning nokkuð svipuð meðal tekjuhópa þrjú upp í tekjuhóp níu. Kaupmáttaraukningin var áberandi mest hjá efsta tekjuhópnum.

Heilt yfir hefur kaupmáttur aukist jafnt og þétt frá hruni en á þó enn langt í land með að ná hámarkinu 2007. Mynd 6 sýnir að mjög langt er í land fyrir alla aldurshópa að ná þeim kaupmætti sem þeir höfðu að meðaltali árið 2007. Myndin gæti jafnvel verið enn dekkri fyrir þau heimili sem eru í leiguhúsnaði en leiga hefur hækkað mjög mikið undanfarin ár. Þá sýnir myndin einnig hver staða aldurshópa er miðað við árið 2003. Sá samanburður er mektur með rauðum tígulum.


Mynd 4 – Kaupmáttaraukning eftir aldri milli 2015 og 2016



Mynd 5 – Kaupmáttaraukning eftir tekjutiundum milli 2015 og 2016



Mynd 6 – Kaupmáttur eftir aldri 2016 miðað við kaupmátt 2007 (bláar súlur) og miðað við 2003 (appelsínugulir tíglar)



3. Neysluviðmið

Einstætt foreldri með tvö börn getur að hámarki greitt 63 þúsund krónur í leigu fyrir húsnæði miðað við meðalráðstöfunartekjur 2016 skv. Hagstofu Íslands. Samkvæmt dæmigerðu neysluviðmiði velferðarráðuneytisins (sjá hugtakasafn aftast) eru útgjöld einstæðra foreldra með tvö börn (annað á leikskólaaldri og hitt í grunnskóla) alls tæplega 370 þúsund krónur á mánuði. Í ráðstöfunartekjum þessa heimilis er gert ráð fyrir meðlagi með báðum börnum. Barnlaus hjón um þrítugt eru þau einu sem eru aflögufær í lok mánaðar, miðað við fólk á leigumarkaði og dæmigerða neyslu.

Sé miðað við svokölluð grunnviðmið neyslu, eða lágmarksframfærslu, getur einstæða foreldrið sem vísað er til hér að ofan greitt að hámarki 217 þúsund krónur í leigu. Grunnviðmið lýsa þeim útgjöldum sem þarf að lágmarki til að viðhalda grunnlífskjörum. Grunnviðmið eru ekki kölluð fátækramörk en ljóst er að þau eru snertiflötur við slík mörk, eins og fram kemur í [ítarlegri skýrslu](#) um viðmiðin. Grunnviðmið framfærslu fyrir einstæða foreldrið í dæminu hér að ofan eru tæplega 215 þúsund krónur á mánuði.

Tafla 1 – Útreikningar miðað við dæmigert viðmið

Fjölskyldugerð	Ráðstöfunar- tekjur*	Dæmigert neysluviðmið	Áætluð leiga**	Vantar / afgangur
Einstaklingur	278.476	223.046	115.000	- 59.570
Einstætt foreldri, tvö börn	431.644	368.218	248.000	-184.574
Hjón barnlaus 30-35 ára	629.730	333.994	231.000	64.736
Hjón, barnlaus	475.862	333.994	231.000	-89.132
Hjón með tvö börn	681.878	505.022	290.000	-113.144

Tafla 2 – Útreikningar miðað við grunnviðmið

Fjölskyldugerð	Ráðstöfunar- tekjur*	Grunn- neysluviðmið	Áætluð leiga**	Vantar / afgangur
Einstaklingur	278.476	93.002	115.000	70.474
Einstætt foreldri, tvö börn	431.644	214.618	248.000	-30.974
Hjón barnlaus 30-35 ára	629.730	165.146	231.000	184.112
Hjón, barnlaus	475.862	165.146	231.000	79.716
Hjón með tvö börn	681.878	293.850	290.000	98.028


* Hér er verið að skoða stöðu leigjenda. Ráðstöfunartekjur eru atvinnutekjur (að frádregnum sköttum og iðgjaldi í lífeyrissjóð og stéttarfélag) auk barna- og húsnæðisbóta, sem og meðlags ef við á. Í tilfelli einstaklinga er miðað við atvinnutekjur 25-29 ára til að undanskilja námsmenn. Í tilfelli hjóna án barna er um annars vegar um að ræða meðaltal hópsins skv. Hagstofu og svo meðaltal einstaklinga 30-35 ára.

** Áætluð leiga byggir á framboði íbúða á leigumarkaði eins og það birtist á m.a. á mbl.is og visir.is í byrjun október.

Mælaborð Efnahagsyfirlits VR


Kaupmáttarvísitala VR

Meðallaun félagsmanna VR eftir skatt leiðrétt fyrir verðbólgu




Kaupmáttarvísitala Hagstofu Íslands

Vísitalan sýnir tímakaup dagvinnu leiðrétt fyrir verðbólgu




Verðbólga með og án húsnæðis

Gráa svæðið sýnir efri og neðri mörk verðbólguarmiðs Seðlabanka Íslands




Atvinnuleysi meðal félagsmanna VR og samkvæmt Vinnumálastofnun




Væntingavísitala Gallup

Gildi yfir 100 þýðir að fleiri séu bjartsýnir en svartsýnir á stöðu efnahagsmála



Vinnuskipti félagsmanna VR

Myndin sýnir hlutfall félagsmanna sem skipta um vinnu í hverjum mánuði. Ekki er hægt að taka tillit til þeirra sem skipta um vinnu og byrja að greiða í annað stéttarfélag.




Mælaborð Efnahagsyfirlits VR

Raunverð húsnæðis á höfuðborgarsvæðinu
Verð á húsnæði á höfuðborgarsvæðinu leiðrétt með
vísitölu neysluverðs án húsnæðis




Heimild: Þjóðskrá Íslands, Hagstofa Íslands og útreikningr VR

Verð íbúðarhúsnæðis og leiguverð
Vísitölurnar hafa ekki verið leiðréttar fyrir þróun verðlags.
Ath. Leiguverð á aðeins við um þinglýsta leigusamninga




Heimild: Þjóðskrá Íslands og útreikningar VR

Uppsafnaður fjöldi erlendra ferðamanna
Hver punktur táknar heildarfjölda ferðamanna það sem af er
ári




Útlán til heimila og fyrirtækja
Myndin sýnir útlán sem hlutfall af landsframleiðslu. Ekki er
tekið tillit til útgefninga markaðsskuldabréfa¹




Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands og útreikningar VR

Veltuvísitölur smásöluverslunar
Vísitölurnar byrja í 100 í janúar 2013



Heimild: Rannsóknarsetur Verslunarinnar

Gengi nokkurra gjaldmiðla og gengisvísitalan
Vísitölurnar sýna hvað ein eining af viðkomandi gjaldmiðli
kostar



Heimild: Seðlabanki Íslands

¹ Gögnin eru skuld við lífeyrissjóði, útlán innlánsstofnana og útlán ýmissa lánaþyrirtækja (þ.m.t. Íbúðalánasjóður)

Hugtakasafn

Ráðstöfunartekjur

Með ráðstöfunartekjum er átt við allar tekjur heimilis hverju nafni sem þær nefnast þ.e. tekjur vegna atvinnu, fjármagnstekjur, bætur ef við á (barnabætur, húsaleigubætur, vaxtabætur o.s.frv.) að frádregnum þeim sköttum og vaxtagjöldum. Ráðstöfunartekjur sýna þannig hversu mikið er eftir í vasanum til að nota í neyslu. Í útreikningum á ráðstöfunartekjum eru vaxtagjöld vegna húsnæðis dregin frá. Engar upplýsingar eru til um leigufjárhæðir fjölskyldna og því ekki hægt að taka tillit til þeirra.

Kaupmáttur ráðstöfunartekna

Þegar talað er um kaupmátt ráðstöfunartekna þá er búið að leiðrétta fyrir því að einhver verðbólga var á tímabilinu. Tökum dæmi. Ef ráðstöfunartekjur aukast um 6% og verðbólgan er 2%, þá eykst kaupmáttur ráðstöfunartekna um sem nemur mismuninum eða 4%.

Skammtímavextir

Skammtímavextir eru vextir á lánum til styttri tíma. Skammtímavextir eru þeir vextir sem stýrivextir Seðlabankans hafa áhrif á. Ef Seðlabankinn hækkar vexti þá mun hann hafa áhrif á skammtímavexti en ekki eins á langtímavexti.

Neysluviðmið

Neysluviðmið er m.a. notað í reiknivél á vegum velferðarráðuneytisins sem sýnir neyslu mismunandi fjölskyldugerða eins og hún er mæld í útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands. Neysluviðmiðin eru mæling á útgjöldum heimila við neyslustig sem annars vegar telst dæmigerð neysla og hins vegar grunnneysla. Dæmigert viðmið er ætlað að vera upplýsandi um útgjöld fjölskyldna miðað við hóflega neyslu, þ.e. öll gjöld sem þarf til að reka heimili til langs tíma. Viðmiðin ná ekki til stofnkostnaða heimilis heldur eingöngu til viðhalds og endurnýjunar á heimilisbúnaði, húsgögnum og raftækjum. Grunnvið gefa vísbendingar um hver lágmarksútgjöld geti verið í ákveðnum útgjaldaflokkum til að viðhalda grunnlífskjörum.

Útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands

Hagstofa Íslands stendur fyrir rannsókn á útgjöldum heimila á Íslandi og eru niðurstöðurnar birtar fyrir þriggja ára tímabil. Nýjasta rannsóknin sem hefur verið birt tekur til árána 2010 – 2012. Endanlegt úrtak þeirrar könnunar er tæplega 4.400 einstaklingar eða um 3.500 heimili.